

Hugbúnaðariðnaðurinn og IBM miðtölvur

Hugbúnaðariðnaðurinn íslenski tók sín fyrstu skref á sjöunda áratug tuttugustu aldar og elfdist síðan hægt en bítandi og um 1980 er talið að um 9 fyrirtæki starfi við hugbúnaðargerð og í þeim starfi alls um 100 manns samkvæmt könnun Félags íslenskra iðnfyrirtækja sem gerð var árið 1985 og birtist í Morgunblaðinu 14.febrúar það ár. Það má geta þess að þá kom orðið “hugbúnaðariðnaður” fyrst fyrir í Morgunblaðinu.

Einnig var nokkuð um að stærri fyrirtæki væru sjálf með hugbúnaðardeildir þar sem unnið var að hugbúnaðargerð s.s. IBM á Íslandi, Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar, Reiknistofa bankanna, Eimskip, SÍS, Flugleiðir o.fl.

Háskóli Íslands útskrifaði fyrstu tölvunarfræðingana árið 1978. IBM á Íslandi hélt úti skóla sem bauð uppá nám í kerfisfræði, forritun o.fl.

Mikil fjölgun tölva með tilkomu miðtölva kallaði á eflingu hugbúnaðariðnaðarins og síðan má segja að á níunda áratugnum hafi orðið sprenging í greininni og þegar samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) eru stofnuð í september 1991 er áætlað að um 40 fyrirtæki starfi í greininni og hjá þeim starfi um 1.000 manns.

Mjög öflugur hugbúnaðariðnaður tengdis IBM miðtölvunum strax frá upphafi. Í fyrstu var það kerfisfræðideild IBM á Íslandi sem þróaði lausnir og staðfærði einnig erlendar lausnir fyrir viðskiptavinina en um 1975 hófu fyrstu hugbúnaðarfyrirtæki starfsemi sína og fjölgaði þeim jafnt og þétt og 1987 tók IBM á Íslandi saman yfirlit yfir hugbúnað fyrir IBM System/36 tölvur og þá bjóða eftirtalin 20 fyrirtæki auk IBM á Íslandi lausnir fyrir System/36;

Almenna kerfisfræðistofan, Fasti, Forritun, Frum, Gísli J. Johnsen, Hagritun, Hagsýn, Hugbúnaðarhúsið, Hugbúnaður, Hugvirki, Hugur, Kerfi, Miðverk, Osprey, Pegasus, Reiknistofa Hafnarfjarðar, Rekstrartækni, Tölver, Tölvubankinn, Tölvuþjónusta sveitarfélaga.

Ofangreind fyrirtæki buðu uppá fjölbreyttan hugbúnað fyrir flestar gerðir fyrirtækja og á milli þeirra ríkti hörð samkeppni um viðskiptavinina og þannig voru t.d. í boði um 6 mismunandi fjárhags og viðskiptakerfi. Samkvæmt ofangreindri samantekt var eftirfarandi hugbúnaður í boði:

Aflabókhald, Birgðabókhald, Birgðahald skipa, Bílasöluakerfi, Bókasafnskerfi, Bónuskerfi, Farmiðasöluakerfi, Fasteignaálagningakerfi, Fasteignasöluakerfi, Ferðaskrifstofukerfi, Félagaskrárkerfi, Fjárhagsbókhald, Flutningakerfi, Framlegðarkerfi, Fyrirtækjaskrá, Gíróseðla-kerfi, Gjaldendabókhald, Gjaldkerakerfi, Greiðslukerfi, Gæðakerfi, Hlutafélagakerfi, Innheimtukerfi, Íbúakerfi, Kredit-kortakerfi, Launa-kerfi, Lífeyrissjóðakerfi, Nýtingarkerfi fyrir frystihús, Orkureikningakerfi, Ritvinnslukerfi, Skipverjalaun, Skuldabréfakerfi, Skýrslugerðar-kerfi, Sölu- og lagerkerfi, Telexkerfi, Tilboðs- og áætlana-kerfi, Tímaskráningarkerfi, Tollakerfi, Tryggingakerfi, Umbúðakerfi, Útflutningskerfi, Veðsetningarskýrslur, Verðútreikningakerfi, Verkbókhald, Viðskiptamannakerfi

Á þessum tíma var markaðshlutdeild IBM miðtölva yfirgnæfandi og í sumum atvinnugreinum var hún um eða yfir 80 %. Þetta breyttist með tilkomu PC tölvanna og segja má að tíundi ártugurinn hafa einkennst af þróun hugbúnaðar fyrir örtölvu umhverfið og netið og einnig náðu erlend viðskiptakerfi fótfestu hér á landi og markaðshlutdeild ofangreindra fyrirtækja minnkaði. Mikil gerjun átti sér einnig stað með sameiningum hugbúnaðarfyrirtækja og þannig hafa flest þessara fyrirtækja sem stærst voru á níunda áratugnum sameinast öðrum.



Þátttakendur á ráðstefnu IBM S/32 & S/34 notenda
Húsavík 13. - 15. maí

Rósmundur Jónsson	Byggingavöruverzlun Kópavogs h/f
Helgi Bergs Valgarður Baldvinsson	Bæjarsjóður Akureyrar
Hugrún Helgadóttir	Bæjarsjóður Keflavíkur
Friðrik Guðmundsson Óli Örn Tryggvason	Eggert Kristjánsson & Co. h/f
Gylfi Hauksson	Eimskipafélag Íslands h/f
Jóhann B. Símonarson Þórarinn Magnússon	Iðnaðardeild Sambandsins
Sveinn Hallgrímsson	Kassagerð Reykjavíkur h/f
Ástþór Magnússon	Myndiðjan Ástþór h/f
Páll Ólafson	Reiknistofa Húsavíkur
Ingimar Halldórsson	Reiknistofa Vestfjarða
Gunnar Briem Kristján Sigurgeirsson	Rekstrartækni s/f
Gísli H. Friðgeirsson	Samfrost
Svanhildur Kristjánsdóttir Tómas Runólfsson	Sementsverksmiðja ríkisins
Ragnar H. Bjarnason	Slippstöðin h/f
Magnús Axelsson	Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Hallgrímur Gíslason	Tölvuþjónustan Akureyri
Edda B. Aspar	Útgerðarfélag Akureyringa h/f
Björgvin B. Schram Gunnar M. Hansson Gunnar Ólafsson Jón V. Karlsson Ómar Kristinsson	IBM á Íslandi